

## Lokaverkefni – Greinargerð Óskar Sveinsson

Ég kaus mér að semja lag og texta, taka það síðan upp og vinna það sem mitt lokaverkefni. Ástæða þess að mér þótti þetta lokaverkefni vera besti valkosturinn fyrir mig er sá að ég hef verið í kringum tónlistarstarf af ýmsu tagi í þónokkur ár, auk þess sem að ég hef undanfarin þrjú ár unnið sem hljóðfærakennari við Tónskóla Neskaupstaðar. Ég hef áður hjálpað til við að móta frumsamin lög, bæði með nemendum mínum og með vinum mínum sem einnig eru í tónlistarbrasi og fannst vera kominn tími til þess að ég prufaði að takast á við þetta sjálfur. Ég áttaði mig strax á því að Jón Hilmar Kárasón væri sá leiðbeinandi sem ég vildi fá með mér í lið fyrir þetta verkefni, hann hefur rosalega mikla kunnáttu og reynslu af tónlistarstarfi og var kennari minn öll þau ár sem ég var sjálfur í mínu tónlistarnámi, auk þess að hann hefur til margra ára hvatt mig til þess að semja mína eigin tónlist. Ég ákvað að setja verkefnið upp á þann hátt að allt sem kemur beint við verkefninu. Hvort sem er hljóðfæraleikur, söngur eða hljóðvinnsla myndi ég taka í eigin hendur. Lagið mitt er þar af leiðandi frá upphafi til enda unnið að öllu leiti af mér sjálfum, með aðstoð góðra ráðlegginga frá Jóni Hilmari, sem eru mjög vel þegin.

Í fyrstu settist ég niður með gítarinn við hendina og reyndi að bulla fram eitthvað sem mér þótti hljóma vel. Úr því komu upp nokkrar hugmyndir sem ég tók svo gróflega upp og safnaði saman. Við Jón Hilmar skoðuðum svo þessar upptökur og sú hugmynd sem við ákváðum að vinna með var stuttur hljómagangur sem ég hafði tekið upp á píanó, sem hefur svo verið gjörbreytt í vinnslu lagsins. Upprunalega klippan var í E dúr og 4/4 takt og var eitt af því fyrsta sem var breytt við hugmyndina að koma henni í 6/8 takt og bæta aðeins við hljómaganginn til að auka fjölbreytni. Ég hófst þá handa við að taka upp undirleikinn fyrir lagið og að semja texta við það. Ég tók lagið upp alla leið í gegn á kassagítar og spilaði svo inn einfalda bassalínu sem grunninn að laginu.

Verkefnið að semja texta fyrir lagið var mjög greinilega eitt erfiðasta skrefið í lagasmíðinni. Öll textabrot sem ég hef samið fyrir hugmyndir mínar í gegnum tíðina hafa verið á íslensku en einhverja hluta vegna kom ekkert upp í höfuðið á mér fyrir þetta lag annað en texti á ensku, svo ég endaði á því að ákveða að lagið skyldi einfaldlega vera á ensku. Þó inniheldur sá texti sem nú er með laginu ekki nokkuð brot af þeim texta sem ég tók upprunlega upp með laginu.

Í seinni skrefum vinnunar við lagið ákvað ég að hækka lagið um heiltón og er því lokaarfuðin í Fís dúr. Lagið er í hægari kanntinum eða í 70bpm, í 6/8 takti eins og áður kom fram. Síðasta dag fyrir skil ákvað ég svo ásamt leiðbeinanda mínum að draga mikið úr gítarleiknum í laginu, og spila inn píanó sem ekki var að finna í laginu fyrr. Það sem mér þótti erfiðast við verkefnið og eru atriði sem ég ætla mér að reyna að bæta mig í er greinilega textasmíðin og söngurinn. Einfaldast var að spila inn gítarpartana þar sem það er mitt aðal hljóðfæri. Einnig sýnir þetta mér að ég ætla mér að bæta mig í hljóðvinnslu og upptökum, og reyna að semja meira af mínu eigin efni. Sem fyrsta tilraun til þess að gefa út mitt eigið lag, og miðað við það að hafa komið að öllum hlutum vinnunnar sjálfur er ég ánægður með útkomuna. Lagið er alls ekki fullkomið, en ég er stoltur af því sem að ég get komið í verk upp á eigin spítur og ætla mér algjörlega að halda áfram að semja og vinna lög, æfingin er víst eina leiðin til að verða betri.

<https://soundcloud.com/oskarsveinsson/things-arent-the-same-1/s-sFomSSdjojT>